

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Valhúsaæð og aðliggjandi útivistarsvæði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og umferðarnefnd á 127. fundi sínum, 12. júlí 2022, breytingu á deiliskipulagi Valhúsaæðar og aðliggjandi útivistarsvæðis vegna lóðar númer 10 við Skólabraut.

Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað úr einni í níu og skilmálum fyrir Skólabraut 10 breytt þannig að gert er ráð fyrir einu bílastæði á íbúð sem staðsett verða innan lóðar.

Bollagarðar og Hofgarðar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 949. fundi sínum, 17. ágúst 2022, breytingu á deiliskipulagi Bollagarða og Hofgarða vegna lóðar númer 16 við Hofgarða.

Í breytingunni felst að færa byggingarreit um 0,5 m til norðurs að götu og að breyta skilmáblaði þannig að efri hæð verði ekki meira en 40% af flatarmáli byggingarreits.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Seltjarnarnesi, 23. september 2022.

F.h. Seltjarnarnesbæjar,

Brynjar Þór Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. október 2022